

S T A R F S S K Ý R S L A .

1 9 8 4

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

1. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

1.1. Laufgun og lauffall.

Þegar talað er um laufgun hlýtur að vera einstaklingsbundið hvenær menn telja að birkið sé laufgað. Ég tel að birkið sé laufgað í gróðrastöðinni 27. maí og að lauffall hafi verið 28. september. Ég hef nú ekki skrifað niður laufgun eða lauffall á öðrum tegundum. 6. september er alaskalerki í Múlakoti orðið gult, en Evrópu- og Rússalerki ekkert farið að gulna.

1.2. Vöxtur.

Vöxtur var í góðu meðallagi á öllum trjágróðri og líklega sjaldan eins og var nú á sitkagreni, en vöxtur á skógarplöntum sem er í uppeldi var ekki nema í meðallagi að því mér finnst. Lengsti ársvöxtur á sitkagreni mældist 85 cm. og er töluvert mikið um árssprota sem eru yfir 60 cm.

1.3. Fræfall.

Sama og ekkert fræ var á birki og engir könglar á sitkagreni. Engu fræi var safnað hér nema fræi af sitkaelri en það fræ er yfirleitt mjög lélegt.

1.4. Skáðar.

1.4.1. Ekki var um neina frostskaða að ræða.

1.4.2. Maðkur var mikill í gróðrastöðinni og þarf að taka henni tak og þyrfti að vetrarúða næsta vor. Ekki umröðum við varir við sitkalúsina hér í stöðinni en í Tunguhálsgirðingu var vart við hana í nyrsta hluta

girðingarinnar og var mikið um lúsina á takmörkuðu svæði sem sprautað var strax og virtist sem sprautunin hafi tekist mjög vel þó kalt hafi verið í veðri.

1.4.3. Sveppasjúkdómar. Ekki er hægt að segja að um verulega sveppasjúkdóm hafi verið að ræða, nema þá í alskaösp í uppeldi en á öspina herjaði sjúkdómur sem ég held að sé Venturia "SKURV" og mun hafa herjað hér vegna þess hvað í sumar var rakt og rigningarsamt. Sjúkdómurinn lýsir sér í því að ný útsprungin blöð sérstaklega, krumpast og verða svört og drepast og eins brumin og topp sprotar. Líkist þetta toppkali. Þegar sveppur þessi er mikill færast sjúkdómurinn niður eftir ársvextinum og drepur ekki eingöngu brumin heldur getur drepit plöntuna, það kom fyrir nokkrar plöntur.

2. Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrastöðinni byrjaði fyrri hluta apríl mánaðar og lauk að mestu í nóvember. Verkstjóri var starfandi allt árið og bílstjóri, gröfu- og vélamaður vann hér í lo mánuði, aðrir minna.

13 Karlmenn unnu hér 62,85 mánaðar verk en 11 konur 24,73 mánaðar verk og varð samdráttur um 4,6 mánaðar verk eða um 4,5%.

3. Girðingar.

Viðhald. Farið var með öllum girðingum sem eru ofan þjóðbrautar og settar renglur sem ekki voru settar á síðasta ári. Girðingar eru í sæmilegu horfi. Í Kollabæ eru girðingar ekki í nógu góðu horfi og þarf að færa vegna þess hvað mikin snjó setur í þær ef skefur og kemst þá búpeningur inn á afgirtu svæðin.

4. Gróðrarstöð.

4.1. Fræplöntur. Sáð var 8,02 kg. af fræi í 435 m² og fór hún fram dagana 23 og 24 maí. Fræið spíraði nokkuð vel og er þéttleikin yfir höfuð góður. Samkvæmt talningu eru 1.082 - 1.476 af sitkagreni á m² en af stafafuru 1.200 á m² og 694 - 1.190 af lerki á m².

Um 2/0 plöntur er það að segja að þær eru tæplega í meðallagi stórar og við talningu til dreifsetningar eru

þær áætlaðar 266 þúsund og til viðbótar má ætla að hægt sé að dreifsetja 100 þúsund plöntum af lerki þessa árs sáningu. Við náðum að taka upp mestan hluta af 2/0 plöntum og setja í frystir áður en frost hamlaði haust störfum.

4.2. Dreifplöntur. Dreifsettar voru 266.871 stk. af plöntum í gróðrarstöðinni í ár og skiptist það til helminga í móband og beð. Í beð voru dreifsettar 130.431 en í móband 136.440 og líta hvoru tveggja dreifsetningarnar vel út að því undanskildu að bakkaplöntur sem hér voru dreifsettar og komu frá Mógilsá virtust vera með toppkal frá í vor og því seinar á stað og eitthvað verður um afföll. Annars allt gott að segja um dreifsetninguna. Um vöxt er lítið að segja og afföll ekki að ræða umfram það sem áður er sagt.

4.3. Garðplöntur. Stungið var 97.145 græðlingum af víði og ösp í beð, þar af 8.800 af alaskaösp. Vor og sumargræðlingar í gróðurhús voru samtals 11.350, þar af alaskaösp 3.054 og voru því græðlingar 108.495. Pottaðar voru 11.587 plöntur og plantað í beð til framhalds-ræktunar 9.956 plöntum. Því voru tekin til framhaldsræktunar 21.543 plöntur.

Afhentar voru 44.054 plöntur af garðplöntum og græðlingum á móti 69.381 plöntu árið 1983 og hefur samdráttur í sölu garðplantna numið 36,5% og munar um minna. Í því sambandi vil ég geta þess að ég býst við en meiri samdrátti á sölu garðplantna og borgar sig að vera við því búin. Tekjur af garðplöntum urðu 1.593.343 krónur að frádregnum söluskatti en bókfærður kostnaður vegna garðplantna var krónur 742.141 með launagjöldum. Þetta segir að vísu lítið. Samdráttur var aðallega á víðiplöntum.

4.4. Afhending.

4.4.1. Afhentar voru 177.395 skógarplöntur sem skiptist þannig að til skógræktarfélag. voru afhentar 47.870 plöntur, til skógræktar ríkisins 63.240 plöntur og sala til einstaklinga og styrkir 66.285 plöntur, þar af 8.550 sem styrkplöntur.

4.4.2. Skógræktarfélag sem tóku plöntur voru eftir talin:
1. Skógræktarfélag A-Skaftfellinga 1.300

1. Skógræktarfélag. A-Skaftfellinga	1.300
2. Skógræktarfélag. Kópavogs	350
3. Skógræktarfélag. Ísfirðinga	1.500
4. Skógræktarfélag. Reykjavíkur	8.765
5. Skógræktarfélag. Stykkilshóms	1.000
6. Skógræktarfélag. Mýrdælinga	3.030
7. Skógræktarfélag. Borgfirðinga	1.300
8. Skógræktarfélag. Mörk	1.000
9. Skógræktarfélag. Hafnfirðinga	7.000
10. Skógræktarfélag. Árnesinga	46.545
11. Skógræktarfélag. Skilamannahr.	<u>1.325</u>
	47.870

4.4.3. Stærstu kaupendur aðrir en Skógræktarfélag. voru:

Fljótshlíðarhreppur	2.970
Garðyrkjuskóli ríkisins Hveragerði	8.000
Helgi Eyjólfsson, Botni, Hvalf.	5.600
Rafn Johnsson v/Hemrumerkur	<u>4.750</u>
	21.320

4.4.4. Til afhendingar.

Beðplöntur til afhendingar á næsta ári eru í frysti samtals 116.731 skógarplöntur. Eftir að skemdir komu upp í frystinum höfum við notað Brassical á plöntur. Afhending skógarplantna á næsta ári er samkvæmt áætlun 195.105 plöntur.

4.5. Illgresiseyðing. Var framkvæmd eins og á undan förnum árum nema nú er notað Gesatop til sprautunar á dreifsetningarbeðin en áður var notað Gardoprim sem er betra en fæst ekki flutt til landsins til almennra nota. Götur milli græðlingabeða var sett Casaron. Rændupp var sprautað á auð svæði og reiti þar sem garðplöntur eru í uppeldi.

4.6. Ýmislegt. Hreinsað var upp úr og dýpkaður aðal skurðurinn sunnan við elsta hluta gróðrarstöðvarinnar og uppmokstrinum keyrður í auða reiti.

Svæðið sem er neðan við asparbeltið neðan við 5 reit var slettað og mölborið og verður það notað sem geymslusvæði fyrir verkfæri, grindur og annað.

5. Gróðursetning.

- 5.1. Gróðursettar voru 3.630^v stk. af stafafuru 2/2/2 Skagway og var henni plantað í næst efstu túnslóttuna í Kollabæ er gróðursetningin gerð með hnausaplöntu sölu fyrir augum.
- 5.2. Skjólbelti. Plantað var eftir endilöngu ástúninu og var sett í röð af S-3 (Yakutat) og er beltið um 400 m. Norðan við túnið voru plöntuð 2 belti sitt hvoru megin við ásgarðinn í öðru er viðja en alaskaviðir grænn í hinu hvort belti um 200 m. plantað var 1 röð, því hefur verið plantað 800 m. af einföldu skjólbelti.

6. Vélar og verkferi.

Farið var yfir og gert við dráttarvélar og dráttarvélatengd tæki.

7. Nývirki.

Keyptur var einskorin lítið notaður plógur af Kvernelands gerð.

8. Gestir.

Nemendur Garðyrkjuskólans komu hér í skoðunar ferð í mars.

Í sambandi við garðyrkjunámskeið sem Garðyrkjuskólinn helt í september komu þátttakendur hingað í heimsókn í skoðunarferð og voru um 20 konur í hvorum hópi en þeir voru 2.

Fulltrúar á aðalfundi Skógræktarfr. Íslands komu hingað í heimsókn og í Múlakot að afloknum aðalfundi sínum sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri.

Tumastöðum 1. apríl 1985